

# **Bjargráðasjóður**

## **Ársreikningur 2020**

Bjargráðasjóður  
Hagatorgi Bændahöll  
107 Reykjavík  
kt. 460169-6669

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>Bls.</b>
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skyrsla stjórnar	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skyringar	10

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Bjargráðasjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjárfyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
  - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
  - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
  - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
  - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.
- Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

## **Áritun óháðs endurskoðanda frh.**

---


### **Staðfesting vegna annara ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Löggiltur endurskoðandi

Garðabæ, 17. mars 2021

**Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.**



Agnar Páll Ingólfsson  
Löggiltur endurskoðandi

**Sigurður Eyþórsson**  
Kt. 1004705009  
Dags. 17.3.2021 14:07:59  
Ástæða: Undirritun

**Jóhannes Sigfússon**  
Kt. 1405533879  
Dags. 17.3.2021 14:11:53  
Ástæða: Undirritun

**Ásta Arnbjörg Pétursdóttir**  
Kt. 0610745899  
Dags. 17.3.2021 14:18:09  
Ástæða: Undirritun

**Ingvar Pétur Guðbjörnsson**  
Kt. 0503794939  
Dags. 17.3.2021 15:24:20  
Ástæða: Undirritun

## Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Stjórn Bjargráðasjóðs var skipuð þann 22. mars 2018.

### Rekstur ársins 2020

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu nam 13 m.kr. Eigið fé i lok ársins var jákvætt um 211,4 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Veturinn 2019-2020 urðu veruleg kaltjón á ræktarlöndum bænda einkum á Norður- og Austurlandi. Á sama tíma urðu einnig umtalsverð tjón á girðingum vegna snjóþyngsla. Hvort tveggja eru áföll sem sjóðnum er ætlað að bæta skv. lögum sem um hann gilda. Vorið 2020 varð stjórn Bjargráðasjóðs ljóst að tjónið yrði það mikið að sjóðurinn gæti ekki bætt það með þeim fjármunum sem hann hefði yfir að ráða. Stjórvöld voru upplýst um þá stöðu og gert frummat á umfangi tjónsins. Þegar leið á árið varð ljóst að sjóðnum yrðu tryggðar allt að 500 milljónir króna úr varasjóði fjárlaga. Auglýst var eftir umsóknum haustið 2020 og þegar yfirferð þeirra lauk var óskað eftir að sjóðnum yrðu greiddar 454,1 milljónir króna af aukafjárveitingunni. Það voru þá áætlaðar bætur í heild og kostnaður vegna vinnu við umsóknirnar sjálfar. Endanleg greiðsla vegna tjóna varð kr. 441.962.072. Greiðslan var ekki afgreidd úr ríkissjóði fyrr en í byrjun janúar 2021 og var þá greidd strax út til bænda en telst tilheyra tekjum ársins 2020.

### Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitnesku er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarrafkomu á árinu 2020, efnahag 31. desember 2020 og breytingu á eigin fé á árinu 2020 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2021

Stjórn:

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs.....		<u>454.182.348</u>	<u>8.300.000</u>
Rekstrartekjur alls		<u>454.182.348</u>	<u>8.300.000</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur.....		9.751.437	7.304.016
Vaxtagjöld.....		(6.440)	(1.511)
Fjármagnstekjuskattur.....		(984.720)	(638.447)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls		<u>8.760.277</u>	<u>6.664.058</u>
<b>Samtals</b>		<b>462.942.625</b>	<b>14.964.058</b>
<b>Styrkveitingar</b>			
Tjónabætur - Almenn deild.....		<u>441.962.071</u>	<u>3.492.829</u>
Styrkveitingar alls		<u>441.962.071</u>	<u>3.492.829</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	3	1.068.120	1.558.243
Sérkostnaður.....		<u>6.958.552</u>	<u>2.615.033</u>
Rekstrargjöld alls		<u>8.026.672</u>	<u>4.173.276</u>
<b>Samtals</b>		<b>449.988.743</b>	<b>7.666.105</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>12.953.882</u></b>	<b><u>7.297.953</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

<b>Eignir</b>	<b>Skýr</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>			
Skuldabréfasjóður hjá Landsbanka Íslands .....		199.280.433	191.317.014
Áhættufjármunir og langtímakröfur alls		<u>199.280.433</u>	<u>191.317.014</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur - Ríkissjóður Íslands .....		445.882.348	0
<b>Handbært fé</b>			
Handbært fé .....	2	10.410.569	7.999.356
Veltufjármunir alls		<u>456.292.917</u>	<u>7.999.356</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>655.573.350</u>	<u>199.316.370</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	<b>Skýr</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
Eigið fé frá fyrra ári - Almenn deild .....		198.441.517	191.143.564
Framlög umfram ráðstöfun ársins - Almenn deild .....		12.953.882	7.297.953
Eigið fé alls		<u>211.395.399</u>	<u>198.441.517</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	4	2.215.880	874.853
Ógreiddar tjónabætur .....		441.962.071	0
Skammtímaskuldir alls		<u>444.177.951</u>	<u>874.853</u>
<b>Skuldir samtals</b>		444.177.951	874.853
<b>Eigið fé og skuldbindingar samtals</b>		<u>655.573.350</u>	<u>199.316.370</u>

## Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins .....		<u>12.953.882</u>	<u>7.297.953</u>
Hreint veltufé frá rekstri		12.953.882	7.297.953
<b>Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:</b>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		<u>(445.882.348)</u>	<u>6.600.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		<u>443.303.098</u>	<u>(289.692)</u>
		(2.579.250)	6.310.308
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>10.374.632</b>	<b>13.608.261</b>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		10.374.632	13.608.261
Handbært fé í byrjun tímabils .....	2	<u>199.316.370</u>	<u>185.708.109</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>209.691.002</u>	<u>199.316.370</u>

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistiðum.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun .....	900.000	1.035.000
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	168.120	523.243
	<hr/> 1.068.120	<hr/> 1.558.243

## 4. Önnur mál

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórn sjóðsins hefur samþykkt styrkumsóknir. Veturinn 2019-2020 urðu veruleg kaltjón á ræktarlöndum bænda einkum á Norður- og Austurlandi. Á sama tíma urðu einnig umtalsverð tjón á girðingum vegna snjóþyngsla. Hvort tveggja eru áföll sem sjóðnum er ætlað að bæta skv. lögum sem um hann gilda. Vorið 2020 varð stjórn Bjargráðasjóðs ljóst að tjónið yrði það mikið að sjóðurinn gæti ekki bætt það með þeim fjármunum sem hann hefði yfir að ráða. Stjórnvöld voru upplýst um þá stöðu og gert frummat á umfangi tjónsins. Þegar leið á árið varð ljóst að sjóðnum yrðu tryggðar allt að 500 milljónir króna úr varasjóði fjárlaga. Auglýst var eftir umsóknum haustið 2020 og þegar yfirferð þeirra lauk var óskað eftir að sjóðnum yrðu greiddar 454,1 milljónir króna af aukafjárveitingunni. Það voru þá áætlaðar bætur í heild og kostnaður vegna vinnu við umsóknirnar sjálfar. Endanleg greiðsla vegna tjóna varð kr. 441.962.072. Greiðslan var ekki afgreidd úr ríkissjóði fyrr en í byrjun janúar 2021 og var þá greidd strax út til bænda en telst tilheyra tekjum ársins 2020.

## Sundurliðanir

Rekstrargjöld	2020	2019
Rekstrargjöld greinast þannig:		
<b>Tjónabætur, Almenn deild</b>		
Bætur vegna kal- og fóðurtjóna .....	381.383.959	2.671.209
Bætur vegna girðinga .....	60.578.112	101.572
Bætur vegna skriðufalla .....	0	720.048
	<u>441.962.071</u>	<u>3.492.829</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun, stjórn og starfsmaður .....	900.000	1.035.000
Launatengd gjöld .....	168.120	204.755
Bifreiðastyrkur .....	0	129.258
Ferðakostnaður .....	0	189.230
	<u>1.068.120</u>	<u>1.558.243</u>
<b>Sérkostnaður</b>		
Hýsing tölvupósts, innranet, Office-pro, fjarvinnsla o.fl. ....	141.210	139.252
Framkvæmdastjórn skv. samn. við Bí .....	1.876.000	1.144.500
Bókhalds- og gjaldkerþjónusta o.fl. skv. samningi við Bí .....	436.800	393.600
Endurskoðun .....	528.790	434.496
Burðargjöld .....	0	2.000
Pappír, prentun og ritföng .....	0	5.537
Aðkeypt þjónusta v/ úttekta á tjónum .....	3.182.140	0
Umsýslubóknun .....	793.612	495.648
	<u>6.958.552</u>	<u>2.615.033</u>

# Sundurliðanir